

# ÁRSSKÝRSLA 2025

Öryggisskóli iðnaðarins

*Fyrsta starfsár skólans*

# Ávarp leiðtoga og framkvæmdastjóra Öryggisskólans

## Öryggisskóli iðnaðarins – frá hugmynd að veruleika

Árið 2025 markaði upphaf metnaðarfulls verkefnis sem hefur það að markmiði að efla öryggismenningu innan mannvirkjagerðar og stuðla að öruggara og heilbrigðara vinnuumhverfi í iðngreinum til framtíðar.

Öryggisskóli iðnaðarins var formlega stofnaður þann 18. desember 2024 og hóf fyrsti starfsmaður skólans, leiðtogi Öryggisskólans, störf í febrúar 2025. Áherslan í starfi skólans er skýr; að byggja upp öflugna öryggismenningu í iðnaði með fræðslu, þjálfun og aukinni vitund um mikilvægi öryggis á vinnustöðum. Fyrstu skrefin við uppbyggingu skólans fólust í þarfagreiningu þar sem leitað var eftir reynslu og sjónarmiðum beint úr atvinnulífinu. Sú vinna lagði mikilvægan grunn að mótun starfsemi skólans og framtíðarsýnar hans.

Í framhaldi voru sett markmið um uppbyggingu náms og kennslu með áherslu á raunverulegar aðstæður og þarfir atvinnulífsins. Til að afla frekari þekkingar og innsýnar voru farnar námsferðir til Óslóar, Helsinki og Stokkhólms þar sem skoðaðar voru ólíkar leiðir í uppbyggingu öryggismenningar og þjálfunar starfsfólks í byggingariðnaði. Sú reynsla staðfesti mikilvægi opins samtals og ábyrgðar stjórnenda.

Á árinu 2025 var unnið markvisst að leit að hentugu húsnæði fyrir starfsemi skólans og framtíðaruppbyggingu hans og tók það töluverðan tíma.

Haustið 2025 voru haldin fyrstu prufunámskeið skólans þar sem sérstök áhersla var lögð á hlutverk stjórnenda, ábyrgð þeirra í öryggismálum og mikilvægi virkrar öryggismenningar á vinnustöðum. Námskeiðin gáfu dýrmæta reynslu og staðfestu mikilvægi markvissrar fræðslu, opinnar umræðu og skýrrar ábyrgðar stjórnenda þegar kemur að uppbyggingu öflugrar öryggismenningar innan mannvirkjagerðar.

Á árinu var einnig unnið að því að móta og styrkja ímynd Öryggisskóla iðnaðarins. Heimasíða skólans var sett í loftið og lógó hans hannað og fullgert sem mikilvægt skref í uppbyggingu faglegrar ásýndar.

Fram undan eru spennandi verkefni í frekari uppbyggingu skólans og hlökkum við til áframhaldandi samstarfs við atvinnulífið að því sameiginlega markmiði að efla öryggismenningu innan mannvirkjagerðar. Með sameiginlegu átaki í að efla öryggisvitund og markvissri fræðslu erum við bjartsýn um að unnt verði að stuðla að sterkari öryggismenningu, öruggari vinnustöðum og fækkun vinnuslysa.

Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir

Þór Pálsson

# Um Öryggisskóla iðnaðarins

Tilgangur Öryggisskóla iðnaðarins er að starfa í þágu almannaheilla með það að markmiði að draga úr slysum í iðnaði. Mun Öryggisskólinn halda áfram að greina þarfir viðskiptavina, fyrirtækja og starfsfólks í iðnaði þegar kemur að öryggismálum og veita fræðslu og þjálfun á sviði öryggismála sem svarar þörfum vinnumarkaðarins á hverjum tíma og stuðlar að bættu öryggi og öryggismenningu á vinnustöðum í iðnaði. Í byrjun verður megináhersla lögð á bygginga- og mannvirkjagreinar en starfssvið skólans metið reglulega m.t.t. iðngreina. Félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

Öryggisskóli iðnaðarins er í jafnri eigu Iðunnar fræðsluseturs og Rafmenntar og tilnefna stjórnir eigendanna einn aðila frá hvoru félagi í stjórn Öryggisskólans. Í stjórn sitja nú f.h. Iðunnar fræðsluseturs Vilborg Helga Harðardóttir, stjórnarformaður og f.h. Rafmenntar Þór Pálsson, meðstjórnandi og framkvæmdastjóri Öryggisskólans.

Hjá félaginu starfaði á árinu 2025 einn fastráðinn starfsmaður í fullu starfi, leiðtogi skólans.

## Árið í hnotskurn

- Öryggisskóli iðnaðarins formlega stofnaður þann 18. desember 2024
- Fyrsti starfsmaður hóf störf þann 4. febrúar 2025
- Framkvæmd ítarleg þarfagreining fyrir mannvirkjagerð
- Náms- og kynnisferðir farnar til Svíþjóðar, Finnlands og Noregs
- Heimasíða Öryggisskóla iðnaðarins sett í loftið
- Lógó skólans hannað og fullgert
- Mótun fræðslu, markhópa og kennsluaðferða í öryggismálum fyrir íslenska mannvirkjagerð
- Áhersla í fræðslu lögð á uppbyggingu öryggismenningar, ábyrgð stjórnenda og forvarnir
- Þrjú prufunámskeið haldin í fyrir stjórnendur í mannvirkjagerð
- Leit að húsnæði og framtíðaraðstöðu fyrir starfsemi skólans

## Þarfagreining

Eitt af fyrstu verkefnum Öryggisskóla iðnaðarins árið 2025 var að ráðast í þarfagreiningu á öryggismálum í mannvirkjagerð. Markmiðið var að öðlast skýra mynd af stöðu öryggismála, greina þarfir atvinnulífsins og leggja grunn að markvissri fræðslu.

Rætt var við öryggisstjóra, gæðastjóra, mannauðsstjóra og eigendur fyrirtækja þar sem farið var yfir verklag, fræðslu, öryggisreglur og helstu áskoranir á vinnustöðum.

Niðurstöður þarfagreiningarinnar sýndu að fyrirtæki innan mannvirkjagerðar leggja sífellt meiri áherslu á öryggismál og uppbyggingu öryggismenningar. Jafnframt komu fram sameiginlegar áskoranir, meðal annars skortur á samræmdri fræðslu, takmarkað svigrúm minni fyrirtækja til öryggisstarfs og þörf fyrir markvissari eftirfylgni við öryggisreglur og verklag.

Sérstök áhersla var lögð á mikilvægi ábyrgðar stjórnenda, opins samtals og aukinnar öryggisvitundar á vinnustöðum. Einnig kom fram skýr þörf fyrir fræðslu sem byggir á raunverulegum aðstæðum innan mannvirkjagerðar og stuðlar að sterkari öryggismenningu til lengri tíma.

Þarfagreiningin staðfesti jafnframt mikilvægi samstarfs atvinnulífs, sveitarfélaga og eftirlitsaðila þegar kemur að því að efla öryggi á vinnustöðum og draga úr vinnuslysum. Sú vinna hefur reynst mikilvægur grunnur að mótun náms, kennsluaðferða og framtíðarsýnar Öryggisskóla iðnaðarins.

Ítarleg samantekt úr þarfagreiningunni fylgir ársskýrslunni sem viðauki.

## Náms- og kynnisferðirnar

Erlendar kynnisheimsóknir og samstarf

Á árinu 2025 var lögð áhersla á að afla þekkingar og fyrirmýnda erlendis frá til að styðja við uppbyggingu Öryggisskóla iðnaðarins og efla öryggismenningu innan mannvirkjagerðar á Íslandi.

Í febrúar heimsóttu fulltrúar Öryggisskólans, Samtaka iðnaðarins, Vinnueftirlitsins, Iðunnar og Rafmenntar Byggbranschens utbildningscenter (BUC) í Svíþjóð. Þar var kynnt hvernig unnið er með verklega öryggisfræðslu og raunhæfa þjálfun innan byggingariðnaðarins.

Einnig fóru fulltrúar Öryggisskólans og Iðunnar í kynnisheimsóknir til Noregs og Finnlands þar sem áhersla var lögð á öryggismenningu og HOP-aðferðafræðina (Human & Organizational Performance). Heimsótt voru meðal annars Norsk Industri, Elkem, Nikkelverk og Rudus þar sem kynntar voru aðferðir sem byggja á forvörnum, opnum samskiptum, þátttöku starfsfólks og sameiginlegri ábyrgð í öryggismálum.

Heimsóknirnar veittu dýrmæta innsýn í hvernig markviss fræðsla, raunhæf þjálfun og virk þátttaka starfsfólks geta styrkt öryggismenningu á vinnustöðum. Sérstaklega vakti athygli hversu mikil áhersla er lögð á opið samtal, sameiginlega ábyrgð og að læra af atvikum og reynslu til að stuðla að stöðugum umbótum.

Reynslan sýndi jafnframt mikilvægi þess að stjórnendur taki virkan þátt í öryggismálum og að öryggi sé órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi. Þessi þekking getur nýst vel við áframhaldandi þróun Öryggisskóla iðnaðarins og stutt við sterkari öryggismenningu í mannvirkjagerð á Íslandi með aukinni verklegri þjálfun, fræðslu og samvinnu atvinnulífsins.

# Samstarf og tengslanet

Á árinu 2025 var lögð mikil áhersla á uppbyggingu samstarfs og tengslanets við hagaðila í mannvirkjagerð. Markmið þeirrar vinnu var að skapa sterkan grunn fyrir starfsemi Öryggisskóla iðnaðarins, efla samtál um öryggismenningu og tryggja að þróun náms og fræðslu tæki mið af raunverulegum þörfum atvinnulífsins.

Voru haldnir fundir með fyrirtækjum, stofnunum og samstarfsaðilum þar sem rætt var um stöðu öryggismála, áskoranir innan mannvirkjagerðar og mikilvægi aukinnar fræðslu, forvarna og öflugrar öryggismenningar á vinnustöðum.

Í nóvember var haldið á A+A ráðstefnunai í Frankfurt, eina stærstu ráðstefnu Evrópu á sviði vinnuverndar og öryggismála. Þar voru skoðaðar nýjungar í öryggisbúnaði, vinnuvernd og fræðslu. Kveikjan að ferðinni var að mynda tengsl við birgja sem gætu orðið mögulegir samstarfsaðilar og styrkveitendur fyrir Öryggisskóla iðnaðarins. Jafnframt var hafið að móta ásýnd Öryggisskólans og kynningarstarf. Lógó var hannað og heimasíða sett upp. Við þróun sjónrænnar ásýndar var lögð áhersla á skýra og sterka framsetningu þar sem öryggislitirnir gulur og svartur voru hafðir að leiðarljósi. Skólinn tók t.d. þátt í Forvarnardegi VÍS þann 20. mars 2025 þar sem lögð var áhersla á samtál um forvarnir, öryggisvitund og þróun öryggismenningar á vinnustöðum.

## Húsnæði

Á árinu var unnið markvisst að því að finna hentuga aðstöðu fyrir starfsemi Öryggisskóla iðnaðarins og framtíðaruppbyggingu verklegrar öryggisþjálfunar. Áhersla var lögð á að finna húsnæði og útisvæði sem henta til kennslu og æfinga við raunhæfar aðstæður sem endurspeglar vinnuumhverfi mannvirkjagerðar.

Fundir voru haldnir með sveitarfélögum þar sem rætt var um mögulegt samstarf, staðsetningu framtíðaraðstöðu og áframhaldandi uppbyggingu starfsemi skólans. Jafnframt voru skoðaðar fjölbreyttar lausnir varðandi húsnæði og aðstöðu sem gæti nýst til verklegrar kennslu og öryggisþjálfunar, bæði í samstarfi við einkaaðila og sveitarfélög.

Undir lok ársins skapaðist möguleiki á að taka á leigu 192,5 fm húsnæði að Stórhöfða 27 og setja þar upp aðstöðu fyrir fyrirlestra, umræðu og kennslu í umhverfi sem endurspeglar aðstæður á verkstöðum. Í kjölfarið hófst vinna við undirbúning og frágang leigusamnings við tilvonandi leigusala, 200 þúsund naglbíta ehf., með það að markmiði að húsnæðið yrði afhent í byrjun febrúar 2026.

## Þróun námskeiða

Á árinu 2025 var megináhersla á að ákveða nálgun við kennslu skólans, með það í huga að fræðslan myndi styrkja öryggismenningu innan mannvirkjagerðar. Ákvarðanir voru teknar út frá þarfagreiningu, gögnum frá Vinnueftirlitinu um helstu orsakir slysa í mannvirkjagerð, sem og reynslu þjóðanna í kringum okkur af því sem reynst hefur vel í öryggisfræðslu.

Ákveðið var að leggja sérstaka áherslu á virka þátttöku nemenda, opið samtal og að skapa aðstæður sem líkjast raunverulegum aðstæðum á verkstað. Með þessu gefa þátttakendum tækifæri til að ræða áskoranir, viðhorf og ábyrgð í öryggismálum, æfa rétt viðbrögð og skapa eftirminnilega upplifun sem líkleg er til að hafa raunveruleg áhrif á hegðun í framhaldi.

Ákveðið var að fyrsta námskeiðið væri miðað að stjórnendum og millistjórnendum, þar sem þeir bera meginábyrgð og hafa mestu tækifærin til að bæta öryggismenningu á sínum vinnustöðum. HOP (*Human and Organizational Performance*) aðferðafræðin var höfð að leiðarljósi. Hún hefur reynst vel t.a.m. í Noregi, og orkugeirinn á Íslandi horfir til að innleiða. Í stuttu máli snýst sú aðferð um að hjálpa vinnustöðum að læra af mistökum, smíða sterkari verkferla og skapa öruggara og skilvirkara vinnuumhverfi, með því að fókusa á skipulag, kerfi og ferla en ekki einstaklingana.

Fyrstu námskeið fyrir stjórnendur voru prufukeyrð á haustmánuðum þar sem markmiðið var að prófa uppbyggingu námsins, kennsluáðferðir og nálgun gagnvart stjórnendum og millistjórnendum fyrirtækja og safna endurgjöf frá þátttakendum. Haldin voru þrjú prufunámskeið og þau aðlöguð út frá reynslunni. Prufunámskeiðin veittu mikilvæga innsýn í hvernig skapa má opnara samtal um öryggismál og efla ábyrgð stjórnenda við að styrkja öryggismenningu á vinnustöðum. Þessi reynsla hefur reynst mikilvægur grunnur fyrir áframhaldandi þróun náms og kennsluáðferða Öryggisskóla iðnaðarins.

Ákveðið var að næstu námskeið yrðu annars vegar sérstaklega hugsuð fyrir framkvæmdastjóra og fjárfesta með áherslu á bættu öryggismenningu, og hins vegar verkstjóra og starfsfólk á verkstað með áherslu fallslys, en fall af einhverju tagi er langveigamesta orsök tilkynntra slysa samkvæmt gögnum frá Vinnueftirlitinu.

Einnig hefur verið horft til tækninýjunga og framtíðarmöguleika í fræðslu og þjálfun. Á A+A ráðstefnunni fengum sáum við þær tækniframfarir sem hafa átt sér stað með gervigreind og kennslu. Farið var í samtal við Atlas Primer um notkun gervigreindar í kennslu, sér í lagi við þjálfun erfiðra samtala, og Háskólinn í Reykjavík heimsóttur þar sem skoðaðar voru tæknilausnir og möguleikar sem gætu nýst við þróun náms og öryggisfræðslu til framtíðar.